| Kennari | Guðrún Jónsdóttir<br>Valgerður Dögg Jónsdóttir | Sk.st. | GJÓ<br>VAL |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í uppeldisfræði er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði, fjallað um sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir.

Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Lúther, Rousseau, Fröbel, Montessori og Dewey. Fjallað er um þroskaferil barna/unglinga, áherslur m.a. á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska.

Mikilvægt er að nemandinn fái þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega einnig er lögð áhersla á hópavinnu.

## Markmið:

- Fjallað verður um uppeldisfræði í sögulegu ljósi, ágrip af sögu uppeldis og menntunar.
- Fjallað verður um helstu kenningar og höfunda þeirra.
- Fjallað verður um börn í nútíma samfélagi, samskipti foreldra og barna, hjónaskilnaði og fl.

## Námsgögn:

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 1 – 5. **Annað kennsluefni** afhent í tíma. **Kennslutilhögun:** Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 2 | Farið yfir kennsluáætlun - Kynning á áfanganum. | |
| 3 | 1. kafli: Uppeldi – Uppeldisfræði. | Verkefni 5%<br>Umræður |
| 4 – 6 | 2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás. | Verkefni 10%<br>Próf (15%) |
| 7 – 9 | 3. kafli: Þroskaferill barnsins | Tilraun 5%<br>Umræður |
| 10 | Kynningarverkefni (vinna á bókasafni + kynning). | Verkefni 10% |

| | | |
|---|---|---|
| 12 – 13 | 4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi | Verkefni 10%<br>Próf (15%) |
| 14 | Páskafrí | |
| 15 | 5. kafli: Samskipti foreldra og barna | Verkefni 10% |
| 16 | 13. kafli: Hjónaskilnaðir | Verkefni 5%<br>Próf (15%) |
| 17 – 18 | Vinna við lokaverkefni og kynning | Lokaverkefni 10%<br>Skil: |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Verkefni á önninni (Kynningarverkefni, skýrsla og tímaverkefni, sjá vægi í áætlun um yfirferð) | 65% |
| Próf | 3 próf á önninni (2 bestu gilda til einkunnar, 15% hvort) | 30% |
| Annað | Ástundun/virkni í tímum/þátttaka | 5% |

Birt með fyrirvara um breytingar.

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni og inn á moodle.
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma (sjá fylgiblað).

Tæknin:

- Tövlur, símar og annað slíkt er aðeins leyft sem námstól.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**